

SORPA bs

## Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 426 mánudaginn 20. apríl 2020

*Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfnni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund*

- Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir komu fram kvartanir starfsmanna um starfsaðstöðu við móttöku á urðunarstað við Gými. Vinna var stöðvuð í viðkomandi rýmum og viðeigandi eftirlitsaðilar kallaðir til. Þegar liggur fyrir að mannvirkin eru óskráð og ósamþykktu hjá byggingafultrúa. Vænta má að verulegra úrbóta sé þörf, en starfsemi við þessa móttöku hefur verið rekin í bráðabirgðahúsnæði um árabíl. Upp hafa komið hugmyndir um að flytja þessa starfsemi í heild eða að hluta í GAJU, unnið er að könnun á möguleikum í því sambandi.
- Unnið er að skoðun á stöðu úrvinnslu sláturúrgangs hjá SORPU en í gildi er leigusamningur vegna búnaðar til forvinnslu- og fituframleiðslu úr sláturúrgangi við Ymir technologies (áður Lífdísill ehf.) og samningur um kaup og sölu á unninni dýrafitu til lífdísilgerðar við sama félag. Unnið hefur verið að uppbyggingu þessarar starfsemi í bráðabirgðahúsnæði við Gými fram til þessa.
- Í ljós hefur komið að Gýmir sem nýttur hefur verið til urðunar á ýmsum lífrænum úrgangi, m.a. sláturúrgangi, er við það að fyllast og ljóst að á næstu mánuðum þarf að loka þrónni. Miðað við núverandi aðstæður sýnist ljóst að það þurfi að útbúa nýja þró til að taka við úrgangi af þessum toga.
- Yfirverkfræðingur SORPU Bjarni Gnýr Hjarðar hefur látið af störfum. Hann verður framkvæmdastjóra til ráðgjafar og tekur þátt í tilfallandi verkefnum á 3 mánaða uppsagnafresti sínum. Bjarna Gný eru þökkuð mikilvæg störf í þágu SORPU og brennandi áhuga og eldmód á öllu er lýtur að starfsemi félagsins.
- Undanfarna daga hefur erfitt ástand skapast á endurvinnslustöðvunum, reglur um hámarksfjölda viðskiptavina inni á svæðinu leiða til langra bílaraða og erfiðs ástands. Nú hefur fengist undanþága frá hámarksfjölda og einnig liggur fyrir tillaga um að lengja opnunartíma allra endurvinnslustöðva um klukkutíma á dag til 4. maí. Þá hefur garðaúrgangssvæðið við Arnarnesveg í Kópavogi verið opnað.
- Verkefni í Gufunesi gengur vel. Búnaður og stálvirki að mestu komin og uppsetning gengur ágætlega. Enn vantar þó 4 tæki, 3 eru í flutningi og eitt fer í flutning í vikunni. Allt stefnir í að við náum að klára verkefnið um mánaðamótin maí/júní. Verkefni í Álfsnesi gengur einnig vel. Örfá atriði ófrágengin í verksmiðjunni en yfirtaka okkar á húsinu ráðgerð undir mánaðamót.
- Framkvæmdastjóri hefur undirritað trúnaðaryfirlýsingu við CarbFix ohf vegna mögulegs samstarfs í Álfsnesi.